

2. fundur Betadeildar haldinn í Kjarnaskógi 28. október 2020

Sóttvarnaraðgerðir vegna covid 19 komu í veg fyrir hefðbundin fundarhöld en undirbúningshópur októbersfundarins kölluðu konur til fundar í Kjarnaskógi. Þar mættu grímuklæddar konur á eftirmiðdegi og örkuðu einbeittar um Kjarnaskóg með tvo metra á milli.

Reglulega var staldrað við þar sem konur úr undirbúningshópnum fluttu ljóð. Eftir góða göngu var boðið upp á heitt súkkulaði og með því alls kyns góðgæti sem undirbúningshópurinn snaraði fram. Eftir því sem húmið lagðist yfir læddust konur úr skóginum að lokinni góðri samveru.